

REGLUGERÐ

um (19.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast nýir töluliðir, 84. og 85. tölul., svohljóðandi:

84. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1685 frá 12. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið búpívakaín með tilliti til hámarksgildis leifa. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2021, frá 19. mars 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 8. apríl 2021, bls. 262.
85. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1712 frá 16. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið lídókaín með tilliti til hámarksgildis leifa. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2021, frá 19. mars 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 8. apríl 2021, bls. 265.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.